

# **Náttúrufræðisafn og ferðaþjónusta í Egilsenshúsi**

**Náttúrustofa Vesturlands**

Menja von Schmalensee og Róbert Arnar Stefánsson  
Október 2002



**Náttúrustofa Vesturlands**

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur

## EFNISYFIRLIT

<b>1. Af hverju náttúrufræðisafn í Stykkishólmi? .....</b>	<b>3</b>
1.1. Inngangur .....	3
1.2. Markaðssetning .....	3
1.3. Af hverju Egilsenshús? .....	4
<b>2. Safnið sjálf.....</b>	<b>4</b>
<b>3. Nánar um hvert þema.....</b>	<b>6</b>
3.1. Hafið: .....	6
3.2. Fjaran: .....	7
3.3. Þurrlendið:.....	8
3.4. Eldfjöll/jarðfræði: .....	8
3.5. Jöklar/veðurfræði: .....	9
<b>4. Sala á minjagripum og fræðslufni .....</b>	<b>9</b>
<b>5. Ferðapjónusta.....</b>	<b>10</b>
<b>6. Fjármögnun og tímarammi.....</b>	<b>10</b>
6.1. Fjármögnun .....	10
6.2. Tímaáætlun .....	11
<b>7. Lokaorð.....</b>	<b>11</b>

# 1. AF HVERJU NÁTTÚRUFRAÐISAFN Í STYKKISHÓLMI?

## 1.1. Inngangur

Vesturland hefur upp á að bjóða mjög sérstæða náttúru. Það á ekki síst við um Snæfellsnes og Breiðafjörð, sem geyma mörg áhugaverð náttúrufrábærni, bæði hvað varðar jarðfræði og lífríki. Þetta endurspeglast í þeirri vakningu sem orðið hefur um sérstöðu svæðisins síðustu ár en á því má m.a. finna Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og verndarsvæði Breiðafjarðar, sem er eitt af lífríkustu svæðum landsins. Því til staðfestingar er Breiðafjörðurinn nýkominn á evrópska skrá um óspillt svæði sem þykja kjörin til rannsókna á líffræðilegum fjölbreytileika. Þessi fjölbreytni svæðisins gerir það að verkum að upplagt er að gera Snæfellsnes og nánasta umhverfi þess að miðstöð náttúruskoðunar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn, þar sem m.a. er boðið upp á:

- Jöklaferðir
- Hvalaskoðun
- Fuglaskoðun (Suðureyjasigling, Flatey)
- Þjóðgarðsferðir
- Söguferðir (t.d. Eiríksstaðir)

Með því að vera með náttúrufræðisafn í Stykkishólmi, þar sem væri m.a. að finna grunnfræðslu um öll helstu náttúrufrábærni sem verða á vegi fólks á ferð um svæðið, er þjónusta við ferðamenn aukin til muna, auk þess sem það myndi auka aðdráttarafli svæðisins. Ef sjávardýrasafn í Ólafsvík yrði einnig að veruleika er ljóst að Snæfellsnesið væri þar með orðið það svæði á landinu sem veitti hvað bestu og fjölbreyttustu náttúrutengdu afþreyingu á landinu. Stykkishólmur er kjörin staðsetning fyrir slíkt náttúrufræðisafn, þar sem sameinaðar væru kröfur um að hafa safnið á Snæfellsnesi en þó í nægilegri nálægð við höfuðborgarsvæðið til að fólk þaðan gæti einnig notfært sér safnið.

Mismunandi gerðir af þjónustu við ferðamenn á svæðinu (t.d. ferðir og söfn) styrkja hver aðra og stuðla þannig að því að fleira fólk laðast að svæðinu, sem kemur öllum íbúum til góða.

## 1.2. Markaðssetning

Snæfellsnesið og Breiðafjörðinn ætti að auglýsa sem “náttúrupakka” með góðri og aðgengilegri þjónustu fyrir ferðamenn, þar sem áhersla væri lögð á náttúruupplifun sem á sér engan líka. Nauðsynlegt væri að útbúa bæklinga á ýmsum tungumálum og dreifa þeim víða, bæði á erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, upplýsingamiðstöðvar, hótél, skóla o.s.frv. Með því að hanna mismunandi bæklinga og bjóða mismunandi “pakka” væri hægt að stíla inn á mismunandi markhópa (náttúruferðir (“Come and get it all!”), fjölskylduferðir, fyrirtækjaferðir, vísindaferðir og námsferðir, óvissuferðir, hjónahelgi o.s.frv.).

Safnið sjálft myndi einnig stuðla að bættri náttúrufræðikennslu á Snæfellsnesi og þannig þjóna menntakerfi Vesturlands. Með því að dreifa auglýsingum um það og kynna það víða gæti safnið jafnvel orðið mikilvægt innlegg í náttúrufræðikennslu á

ýmsum skólastigum um allt land, þar sem bekkir kæmu í heimsókn yfir vetrartímann. Með því væri hægt að tryggja innkomu allt árið í stað þess að stíla eingöngu inn á helsta ferðamannatímann.

### **1.3. Af hverju Egilsenshús?**

Staðsetning og útlit Egilsenshúss (1. mynd) gerir það tilvalið fyrir starfsemi sem ætluð er almenningi og þá sér í lagi ferðafólki. Fyrir utan að vera sérstaklega áberandi, fallegt, gamalt og sögufrægt hús er það miðsvæðis, nálægt höfninni og veitingahús eru á næstu grösum. Einnig er Norska húsið innan seilingar og hugsanlega verðandi bátasafn. Húsið er ekki friðað að innan og býður þess vegna upp á marga möguleika.



**1. mynd.** Egilsenshús er einstaklega falleg og áberandi bygging í kjarna Stykkishólmsbæjar.

## **2. SAFNIÐ SJÁLFT**

Undanfarin ár hefur átt sér stað gríðarleg þróun í safnamálum víða um heim. Erlendis, ekki síst í Skandinavíu, hafa skotið upp kollinum mörg söfn af nýjustu kynslóð, sem byggja að mörgu eða öllu leyti á því að vera gagnvirk. Sá sem heimsækir safnið er þannig virkur þátttakandi í sýningunni og getur oft upplifað af eigin raun þá fræðslu sem safnið reynir að miðla. Slík söfn hafa hlotið mikilla vinsælda og eru eflaust það sem koma skal þar sem kröfur neytandans varðandi afþreyingu fara sí vaxandi.

Náttúrufræðisafnið í Stykkishólmi er hugsað sem safn af þessari nýju kynslóð, bæði nútímalegt og gagnvirk. Um væri að ræða upplifun ekki síður en fræðslu með notkun ljóss, hljóðs, snertingar, tölva og ýmiss konar tækjabúnaðar. Það væri hannað með það fyrir augum að henta öllum aldurshópum; virkilega áhugasamir gestir fengju tækifæri til að kafa djúpt ofan í þau mál sem vekja áhuga þeirra en aðrir minna áhugasamir gætu látið sér nægja að upplifa stemninguna og öðlast grunnfræðslu. Fyrir börnin væri ýmislegt í boði fyrir utan sjálfa fræðsluna, svo sem ratleikir, fjársjóðsleit, fræðsluleikir o.s.frv.


Tölvuskjái/snertiskjái verða mikilvægur hluti sýningarinnar, þar sem þeir bjóða upp á gagnvirka fræðslu og auðvelt er að uppfæra, breyta og bæta við efni. Tölvurnar verða þannig uppsettar að hver gestur ræður hversu mikið hann fræðist um tiltekið viðfangsefni. Þannig er hægt að fara yfirborðskennt í gegnum helstu atriðin eða sökkva sér í smáatriðin ef áhugi er fyrir hendi. Lítil texti er á skjánum hverju sinni en fyrir vikið mikið af skýringamyndum, hreyfimyndum, ljósmyndum og myndbrotum.

Áhersla verður lögð á íslenskar aðstæður, sérstaklega vestlenskar en ýmis fyrirbrigði borin saman við það sem gengur og gerist annars staðar í heiminum. Þannig verður fræðsla um almenn eðlis-, efna-, jarð- og vistfræðilögmál fléttuð inn í fræðslu um nánasta umhverfi safnsins. Einnig verður fræðsla um umhverfismál í samræmi við vaxandi umhverfisvitund.

Safnið mun snúast um fimm megin þemu:

- Hafíð
- Fjaran
- Þurrlendið
- Eldfjöllin/jarðfræði
- Jökullinn/veðurfræði

Húsinu verður skipt upp í alls 6 hluta (tvo á hverri hæð) (2. mynd), einn fyrir hvert þema ásamt einum hluta þar sem mun verða miðasala, sala á minjagripum og fræðsluefni ásamt ferðaþjónustu og upplýsingamiðstöð ferðamála. Stigagangur yrði í miðju hússins. Á jarðhæð yrði miðasalan og fyrsti salurinn með þemað “hafíð”. Gestir myndu færa sig æ ofar miðað við sjávarmál, þ.e. byrja í “hafinu” fara svo upp í “fjöruna”, eftir það “þurrlendið”, “eldfjöllin” og loks enda á “jöklinum”.




2. mynd. Skipulag Egilsenshúss eftir innri breytingar. Hvert þema fær einn sal.

### 3. NÁNAR UM HVERT ÞEMA

Athugið; textinn í þessum kafla er til að gefa hugmynd um hvað væri hægt að gera og er alls ekki tæmandi.

#### 3.1 Hafið:

**Upplifun:** Sjávarbotn. Dimmir, dökkbláir veggir. Ljósáhrif eins og sólin sé að brjótast í gegnum ólgandi vatnið. Sjávarspendýrahljóð. Golfið þakið sandi, steinum, skeljum o.s.frv. Ef til vill úrfært þannig að gestir gengju á gegnsæjum plötum en undir þeim væri upplýstur sjávarbotn. Baklýstar ljósmyndir af sjávarlífverum. Klettar og þang (gervi en raunveruleg) (3. mynd).



**3. mynd.** Leitast verður við að endurskapa sem raunverulegastan sjávarbotn. Hljóð- og ljósáhrif verða mikilvægur hluti upplifunar. Athugið að myndin sýnir ekki endanlega hönnun heldur er aðeins ein möguleg útfærsla.

**Fræðsla:** Baklýstur texti almenns eðlis (með stóru lettri). Sjónvarpsskjár með rúllandi myndbrotum um hafið við Ísland, hægt að velja myndbrot og tungumál. Fimm snertiskjái innbyggðir í umhverfið.

- Tölva 1: Haffræði, straumfræði, efnafræði hafsins o.s.frv.
- Tölva 2: Þýðing hafsins, efnahagsleg og umhverfisfræðileg (hitastýring, geymsla lofttegunda eins og CO<sub>2</sub>). Nýting sjávarafurða. Mengun.
- Tölva 3: Lífríki sjávar, hryggleysingjar: Fjölbreytni, líffræði, vistfræði, atferlisfræði, útbreiðsla, mikilvægi o.s.frv.
- Tölva 4: Lífríki sjávar, fiskar: Líffræði, vistfræði, atferlisfræði, far, o.s.frv.
- Tölva 5: Lífríki sjávar, sjávarspendýr: Líffræði, vistfræði, atferlisfræði, far, o.s.frv.

**Skynjun og fræðsla:** T.d. hafstraumar: skynjun á hraða (hönd dýpt í ker með mismunandi straumhraða). Kuldi: skynjun á hitastigi (hafið er kalt!). Felubox (snertibox) þar sem hægt er að snerta yfirborð sela, hvala, fiska, þangs o.fl. Boxin

innbyggð í umhverfið og dreifð um herbergið. Innbyggð tölvustýrð “mínílandslög” á bak við gler til skýringar á ýmsum fyrirbrigðum sem tengjast hafinu.

### 3.2. Fjaran:

Upplifun: Björt, fersk og lifandi. Fuglabjarg og lífauðug fjara endurgerð í hluta herbergisins. Ölduniður og fuglahljóð. Bjargið útbúið þannig að uppstoppaðir fuglar eru að gera eitthvað. “Borð” (“klettur”) fyrir framan fuglana þar sem heiti á þeim er að finna og hnappur til að ýta á. Þá lýsist viðkomandi fugl upp í bjarginu og söngur (hljóð) hans heyrst. Sams konar kerfi með ýmsum hryggleysingjum í fjörunni (nema án hljóða). Baklýstar breytilegar ljósmyndir af fjörulífverum.



**4. mynd.** Grýttar fjörur á Íslandi geta verið mjög lífrikar. Áætlað er að í Breiðafirði séu um 65% allra grýttara fjara landsins og um 40% leira en hann er nýkominn á evrópska skrá yfir svæði þar sem æskilegt er að rannsaka líffræðilegan fjölbreytileika.

Fræðsla: Baklýstur texti almenns eðlis. Sjónvarpsskjár með rúllandi myndbrotum um fjöruna við Ísland, baklýstur texti til skýringar í kring, tölvustýrður sjónvarpsskjár þar sem hægt er að velja myndbrot um ákveðin efni/lífverur ásamt vali um tungumál til útskýringar (headphones hangandi við skjáinn). Fjórir snertiskjáir innbyggðir í umhverfið.

- Tölva 1: Sjávarföll: hvernig og af hverju, munur milli svæða (landa) o.s.frv.
- Tölva 2: Þörungur og dýr í fjörunni: Beltaskipting þörungna, smádýr (lindýr, liðormar o.fl.), skrápdýr.
- Tölva 3: Sjöfuglar: Líffræði, vistfræði, atferlisfræði, far, o.s.frv.
- Tölva 4: Fjörufuglar: Líffræði, vistfræði, atferlisfræði, far, o.s.frv.
- Tölva 5: Vistfræðilegt og efnahagslegt mikilvægi fjörunnar. Mismunandi gerðir fjara. Mengun.

Skynjun og fræðsla: T.d. valmyndir sem sýna þéttleika lífvera (dýra) í mismunandi gerðum af fjörum (rauðar doppur á ljósmynd). “Míni fjara” á bak við gler (innbyggð í “klett”) þar sem hægt er að kalla fram flóð og fjöru með því að ýta á takka. Smökkun á söltum sjó. Felubox með ýmsum hlutum úr fjöru.

### **3.3. Þurrlandið:**

Upplifun: Milt, frjósamt, mó- og/eða votlendi endurskapað. Mófuglar og ferskvatnsfuglar. Fuglasöngur. Hægt að velja fugla og heyra söng þeirra með sama hætti og í fjörunni. Baklýstar rúllandi ljósmyndir af þurrlandislífverum.

Fræðsla: Baklýstur texti almenns eðlis. Sjónvarpsskjár með rúllandi myndbrotum um þurrlandið (fuglar, spendýr, skordýr o.s.frv.) á Íslandi. Baklýstur texti til skýringar í kring. Fimm snertiskjái innbyggðir í umhverfið.

- Tölva 1: Þurrlandisfuglar: Líffræði, vistfræði, atferlisfræði, far, o.s.frv.
- Tölva 2: Stöðuvötn: Lífríki, myndun, gerðir, sérstaða o.s.frv.
- Tölva 3: Mismunandi gerðir íslensks þurrlandis (mói, tún, skógar, mýrar o.fl.), aldur, saga o.s.frv.
- Tölva 4: Flóra Íslands: Saga, lækningamáttur, útbreiðsla o.s.frv.
- Tölva 5: Þurrlandisspendýr: Saga, líffræði, vistfræði, atferlisfræði, ferðir, o.s.frv.

Skynjun og fræðsla: T.d. valmyndir: A) Samanburður á stærð eggja. B) Hlutfall skóga, votlandis, eldfjalla, jökla, stöðuvatna og ræktaðs lands á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Birta og loftraki á Íslandi; áhrif loftraka á skynjun hitastigs. Ýmis felubox.

### **3.4. Eldfjöll/jarðfræði:**

Upplifun: Hróstrugt hraunlandslag. Einmanalegt, lífvana. Vindhljóð. Baklýstar landslagsmyndir af fjöllum og eldgosum.


Fræðsla: Einhver baklýstur texti almenns eðlis. Sjónvarpsskjái með rúllandi myndbrotum um eldgos við Ísland, hægt að velja myndbrot og tungumál. Fjórir snertiskjái innbyggðir í umhverfið.

- Tölva 1: Myndun Íslands: Myndun og samsetning jarðar. Plöturékskenningin, ástæða eldvirkni, útbreiðsla, jarðskjálftar o.s.frv.
- Tölva 2: Mismunandi gerðir eldgosa, skýringar, saga íslenskra eldgosa o.s.frv.
- Tölva 3: Mismunandi gerðir hrauns og steina, efnainnihald og útlit, myndun o.s.frv.
- Tölva 4: Íslenska vatnið: Uppruni, aldur, saga, nytjar, jarðhiti, samsetning o.s.frv. Samanburður við önnur lönd.

Skynjun og fræðsla: T.d. skynjun titrings við mis öfluga jarðskjálfta (hönd lögð á hristiplötu sem hristist/hreyfist mis mikið eftir því hvað valið er). Glás af feluboxum með mismunandi gerðum bergs/hrauns. Valmyndir: A) Samanburður á stærstu eldgosum sögunnar. B) Samanburður á eldvirkni mismunandi landa.

### 3.5. Jöklar/veðurfræði:

Upplifun: Snjór og ís. Kuldi. Íshellir. Lýsing í gegnum “klakavegg”. Dropahljóð (dripp-dropp). Baklýstar ljósmyndir af Snæfellsjökli/öðrum jöklum, jafnvel látnar líta út fyrir að þær séu fyrir utan íshellinn (5. mynd).



5. mynd. Reynt verður að endurskapa tilfinningu fyrir að vera í ishelli. Önnur hugmynd væri að skapa tilfinningu fyrir að vera á jökultoppi með stórkostlegu útsýni. Myndin er ekki endanleg hönnun heldur einungis til að sýna möguleika.

Fræðsla: Einhver rúllandi baklýstur texti almenns eðlis. Sjónvarpsskjár með rúllandi myndbrotum um jökla við Ísland, valmöguleikar. Fjórir snertiskjái innbyggðir í umhverfið.

- Tölva 1: Veðurfræði: Veðurfar á norrænum slóðum, myndun jökla, saga veðurfars út frá borkjörnum, almenn veðurfræði, norðurljós o.s.frv.
- Tölva 2: Saga jökla: Ísaldaskeið, geymsla á vatni, gróðurhúsaáhrif o.s.frv.
- Tölva 3: Snæfellsjökull: Gerð, saga, þjóðfélagsleg þýðing t.d. þjóðsögur, skáldsögur, munnmælasögur, innblástur til sagna-, ljóða- og tónlistarsköpunar.
- Tölva 4: Lifandi jöklar: Eldvirkni í jöklum, skriðjöklar, jökulhlaup, stöðuvötn í jöklum og jökullón, munur eftir árstíðum, jökulár og lífríki þeirra.

Skynjun og fræðsla: T.d. munur á skyggni/efnainnihaldi jökulvatns og lindavatns. Ljósbrotn í ís og endurkast. Mögnun birtu. Valmyndir: Mismunandi gerðir ískristalla. Ýmis felubox.

## 4. SALA Á MINJAGRIPUM OG FRÆDSLUEFNI

Gert er ráð fyrir að aðgangseyrir standi undir stórum hluta rekstrarkostnaðar safnsins eftir uppsetningu þess. Að auki væri upplagt að vera með sölu á minjagripum og fræðsluefni við miðasölu þess. Eingöngu væri sala á náttúrulegum minjagripum, s.s. skeljum, steinum, þurrkuðum ígulkerjum, þurrkuðum krossfiskum, uppstoppuðum

fuglum og fiskum o.s.frv. Einnig væri hægt að bjóða upp á innrammaðar myndir (lítill málverk, vatnslitamyndir, ljósmyndir) af náttúru svæðisins. Fræðsluefni til sölu væru m.a. bækur um náttúru Íslands (á eins mörgum tungumálum og unnt er) og bæklingar. Upplagt væri að vera með “náttúrukort” fyrir svæðið til sölu, s.s. fuglakort (hvað er hægt að finna á svæðinu og hvar), gróðurkort (kannski með áherslu á lækningajurtir) og jarðfræðikort (hvaða fyrirbæri er að finna hvar). Þetta er vitneska sem hvort eð er þyrfti að taka saman við gerð fræðsluefnis fyrir safnið svo tiltölulega lítið mál væri að útbúa slík kort.

Einnig væri hægt að vera með fræðsluefni til sölu á tölvutæku formi. Þegar safnið er fullbúið verður til ótrúlegt samansafn af fræðsluefni fyrir tölvurnar sem þar eru, svo tiltölulega lítið mál væri að búa eitthvað af því niður og selja sem kennslu- eða fræðsluefni. Þannig væri hægt að selja tölvudiska um spendýr hafnsins, eldvirkni í jöklum og lífverur fjörunnar, bara til að nefna örfá dæmi. Jafnvel væri hægt að búa til fræðandi tölvuleiki fyrir börn á ýmsum aldri. Þar sem tölvur gegna æ stærra hlutverk í heimi barna bæði heima fyrir og í skólum er ekki óhugsandi að sala á slíku efni gæti orðið talsverð.

## 5. FERÐAÞJÓNUSTA

Staðsetning og starfsemi safnsins gerir það að verkum að upplagt væri að vera með upplýsingamiðstöð ferðamála og ferðaþjónustu við miðasölu þess. Nauðsynlegt er að skipuleggja ferðir með upphaf og endi í Stykkishólmi ef bærinn vill auka aðdráttarafl sitt fyrir ferðamenn. Í samvinnu við ýmsa aðila við Breiðafjörð sem nú þegar standa fyrir mjög góðri þjónustu við ferðamenn (t.d. Sæferðir og Snjófell), væri hægt að bjóða rútu í hvalaskoðunar- og jöklaferðir. Einnig væri gott að skipuleggja ferðir til staða eins og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, Helgafells, Bjarnarhafnar, í hestaleigur og til Eiríksstaða, svo örfá dæmi séu nefnd. Sem útgangspunkt væri hægt að miða við að vera með eina rútu og einn leiðsögumann á vegum safnsins, þar sem farið væri á ákveðnar ferðir á ákveðnum vikudögum. Skipulagðar ferðir af þessum toga eru sennilega nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að auka verulega ferðamannastraum til svæðisins og fá ferðamenn sem koma til að stoppa lengur.

## 6. FJÁRMÖGNUN OG TÍMARAMMI

### 6.1. Fjármögnun

Safn af þeim toga sem hér hefur verið lýst fæst ekki ódýrt og ljóst er að Stykkishólmsbær hefur ekki bolmagn til að standa einn að því. Þess vegna þarf að leita fjármagns í ýmsum sjóðum, bæði hér á landi (lista-, menningar- og fræðslusjóðir) og erlendis (Evrópusjóðir, norrænir sjóðir o.s.frv) og sækja um framlög frá ríki. Til að geta sótt um fjármagn í slíka sjóði þarf að útfæra safnið nokkuð nákvæmlega og búa til kostnaðaráætlun vegna uppsetningar ásamt rekstraráætlun. Vinnan við það og gerð umsókna tæki að öllum líkindum a.m.k. eitt ár en eftir það er líklegt að fjármagn færi

að skila sér inn til að geta staðið undir frekari styrkumsóknavinnu og kostnaði vegna undirbúnings og uppsetningar safnsins.

Framlag Stykkishólmsbæjar væri að leggja til húsnæði safnsins (þ.e. Egilsenshús) og borga laun starfsmanns í eitt ár til að útfæra safnið nánar og sækja um styrki. Bærinn gæti mögulega sótt um styrk af fjárlögum eða beint til menntamála- umhverfis- og/eða samgönguráðuneytisins til að standa straum af kostnaði þetta fyrsta ár.

Að lokinni uppbyggingu safnsins myndi Stykkishólmsbær standa straum af almennum rekstri en aðgangseyrir og sala minjagripa stæði sennilega undir honum. Þar sem safnið væri í eigu bæjarins myndi hugsanlegur hagnaður af rekstri þess vera eign hans.

Náttúrustofa Vesturlands hefur boðist til að leggja til aðstöðu fyrir starfsmann safnsins á fyrstu stigum þess auk þess sem Náttúrustofan væri starfsmanninum innan handar með ráðgjöf og tengingar við ýmsar stofnanir.

## **6.2. Tímaáætlun**

Uppbygging náttúrufræðisafnsins sem hér hefur verið lýst er augljóslega vinnu- og tímafrek. Að öllum líkindum tæki öflun fjármagns samtals 1-4 ár, eftir því hversu vel gengur. Áður en húsið verður tekið í notkun þarf að hanna fræðsluefni, ljúka allri útlitshönnun og útbúa tækjakost. Erfitt er að segja nákvæmlega hversu langan tíma þetta tæki, því það færi einnig eftir árangri við fjármögnun hversu mikið starfsfólk væri hægt að hafa í vinnu, en sennilega tæki þessi vinna á bilinu 2-5 ár.

Ef byrjað væri undirbúningsvinnu strax á næsta ári liðu því að líkindum a.m.k. 3 ár áður en húsið sjálft yrði tekið í notkun. Tilvalið væri því að nota Egilsenshúsið fyrir aðra starfsemi fram að því.

## **7. LOKAORÐ**

Óspillt landsvæði með villta náttúru verða sífellt sjaldgæfari í heiminum og munu slík svæði verða æ eftirsóknarverðari þegar fram líða stundir. Ferðamenn gætu því í auknum mæli viljað leita upp staði sem bjóða upp á upplifun í óspilltri náttúru. Þar sem Breiðafjörðurinn og Snæfellsnesið hafa upp á að bjóða fáséða náttúrufergurð og fjölbreytt lífríki má segja að allar forsendur séu fyrir hendi til að auka ferðamannastraum hingað með aukinni þjónustu og markaðssetningu. Náttúrufræðisafn væri án efa mikilvægur liður til að ná því markmiði.